



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/852
komudagur 7.12.2007

Reykjavík, 6. desember 2007
Tilvísun: 200711-0062

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna, 209. mál.

Alpýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna, 209. mál.

Alpýðusambandið telur að með frumvarpinu sé staða foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna bætt verulega.

Alpýðusambandið fagnar sérstaklega því að með frumvarpinu er foreldrum þessara barna tryggð allt að 80% af fyrri tekjum í sex mánuði og ákveðnar grunngreiðslur þegar sex mánaða tekjutengdu greiðslunum líkur, þar til barnið nær 18 ára aldri.

Alpýðusambandið telur einnig að mikilvæg nýjung felast í e. og f. lið 8. gr. laganna en þar er sérstaklega hugað að stöðu foreldra barna sem njóta líknandi meðferðar og við andlát barns.

Alpýðusambandið vill vekja athygli á að við endurskoðun á 11. gr. laganna (sem verður 13. gr.) virðist hafa gleymst að gera ráð fyrir að mótframlag sem ríkissjóður greiðir í lífeyrissjóð hækki úr 6% í 8% í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, með áorðnum breytingum. ASÍ leggur áherslu á að þetta atriði verði lagfært í meðförum þingsins.

Alpýðusamband Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins.

F.h. Alpýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ